

REGLUGERÐ um landsdeild Viðlagasjóðs.

I. KAFLI

1. gr.

Landsdeild er deild úr Viðlagasjóði með sérstakan fjárhag og reikningshald. Stjórn Viðlagasjóðs fer með stjórn landsdeildar og um hana gilda einnig ákvæði 1.—6. og 8. gr. reglugerðar nr. 62/1973 um Viðlagasjóð.

Starfsvið landsdeildar er landið allt, að undanskildum tjónsatburðum þeim á Norðfirði og í Vestmannaeyjum sem lög nr. 4/1973 og lög nr. 5/1975 taka til.

2. gr.

Hlutverk landsdeildar eru þessi:

1. Að bæta eignatjón af völdum eldgosa og snjóflóða.
2. Að bæta fjárhagstjón aðstandenda þeirra, sem farast kunna af völdum eldgosa og snjóflóða, sbr. 7. gr.
3. Að greiða eðlilegan kostnað af björgun verðmæla, hreinsun rústa og athafnasvæða.
4. Að stuðla svo sem unnt er að endurreisn atvinnufyrirtækja, sem eyðileggjast eða skemmast af völdum eldgosa og snjóflóða.

Bætur skal einungis greiða vegna tjónatburða, sem orðið hafa eða verða kunna á tímabilinu 1. desember 1974 til 31. ágúst 1975.

3. gr.

Í störfum sínum skal stjórn sjóðsins hafa samráð við stjórn Bjargráðasjóðs, viðkomandi sveitarfélög og aðra opinbera aðila, sem um málefni byggðarlags þess fjalla, þar sem tjón hefur orðið.

II. KAFLI

4. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast landsdeild sjóðsins.

Framlög og önnur aðstoð, sem berast kann frá erlendum og innlendum aðilum vegna tjóna af völdum eldgosa og snjóflóða, og ekki er beint til nafngreindra aðila, renna til deildarinnar.

III. KAFLI

5. gr.

Deildinni er heimilt að greiða þann kostnað Almanna- og Ríkissjóðs vegna eldgosa og snjóflóða sem að mati stjórnar Viðlagasjóðs telst eðlilegur björgunar- og til er stofnað einum mánuði eftir tjónatburð. Að þeim

líma liðnum greiðir deildin aðeins þann kostnað Almanna- og sjóðsstarfsmanna ríkisins, sem leiðir af starfsemi, sem framkvæmd er að heiðni eða með sérstöku samþykki sjóðsstjórnar.

6. gr.

Deildin greiðir eðlilegan kostnað, sem verður á tímabilinu 1. desember 1974 til 31. ágúst 1975, við björgun verðmæta vegna eldgosa og snjóflóða, kostnað við hreinsun og aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón enda sé slíkur kostnaður ekki bótaskyldur af öðrum aðilum.

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að ráðstafanir þessar séu framkvæmdar með sem hagkvæmustum hætti og kostnaði við þær í hóf stillt. Einungis skal greiða þann kostnað, sem er bein afleiðing af snjóflóði.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til þeirra manna, sem missa sannanlegan framfaranda sinn í eldgosum og snjóflóðum.

Einnig er stjórninni heimilt að greiða eftirlifandi maka eða sambýling bætur vegna fjárhagstjóns síns.

Bætur þessar skulu reiknaðar samkvæmt venjulegum reglum við ákvörðun dánarbóta í skaðabótamálum og til frádráttar skulu koma allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og váttryggingarfélagum, þó ekki líftryggingar.

Þá er sjóðnum heimilt að greiða bætur til þeirra, sem hljóta tímabundna eða varanlega örorku í eldgosum og snjóflóðum.

Enn er stjórninni heimilt að bæta rökun á stöðu og högum eftirlifandi maka, sambýlings og ólögráða barna eftir venjulegum skaðabótareglum.

Ákvörðun stjórnar sjóðsins um bótaskyldu og bótafjárhæð samkvæmt þessari grein er endanleg.

8. gr.

Þeir aðilar, sem telja sig verða fyrir bótaskyldu tjóni vegna eldgosa og snjóflóða eftir gildistöku reglugerðar þessarar skulu tilkynna kröfu sína til skrifstofu Viðlagasjóðs eigi síðar en 30 dögum eftir að tjónsatburðurinn varð. Tjón sem orðið hafa fyrir gildistöku reglugerðarinnar skal tilkynna fyrir 1. ágúst 1975.

9. gr.

Bætur skulu greiddar eftir þessum meginreglum:

1. Mannvirki sem eyðileggjast með öllu eða ekki eru viðgerðarhæf að álitu trúnaðarmanna Viðlagasjóðs skal bæta með brunabótamatsverði þeirra eins og það verður samkv. reglum Brunabótafélags Íslands þegar greiðsla bóta hefst að viðbætti hækkun skv. byggingarvísitölu frá því að brunabótamatsverð var síðast ákveðið. Nú liggur ekki fyrir brunabótamat eignar eða aukið hefur verið við eignina eða hún verið endurbætt á þann hátt, sem áhrif hefur á brunabótamat síðan brunabótamat var seinast gert skulu trúnaðarmenn sjóðsstjórnar meta hið ómetna og skal það þá bætt samkv. því.

Eign í leigulöð eða leigulandi skal metin eftir sömu reglum og við ákvörðun eignarskatts og bætt samkvæmt því.

Þegar sjóðurinn hefur greitt bætur fyrir fasteign samkvæmt 1. og 2. gr. þess tölul. eða samið um þær skulu eigendur afsala sjóðnum öllum rétti sínum til fasteignarinnar.

2. Telji stjórn Viðlagasjóðs eign viðgerðarhæfa skal hún láta trúnaðarmenn sína meta hæfilegan viðgerðarkostnað á skemmdum sem orðið hafa af völdum eldgosa eða snjóflóða.
3. Nú glatast eða eyðileggjast lausafé manna, vélar eða tæki sannanlega af völdum eldgosa og snjóflóða og skal deildin bæta það tjón eftir mati trúnaðarmanna

sinna þegar það hefur farið fram. Nú skemmist lausafé, vélar eða tæki en án þess að eyðileggjast og skulu þá trúnaðarmenn meta hæfilegan viðgerðarkostnað þeirra.

Við mót sín skulu trúnaðarmenn sjóðsins fylgja svo sem unnt er reglum þeim og venjum, sem skapast hafa á vegum Ríkisábyrgðasjóðs.

Bætur, sem greiddar verða af váttryggingarfélögum skulu ætíð koma til frádráttar bótum frá sjóðnum.

10. gr.

Bætur fyrir íbúðarhúsnæði sem eyðileggst skal greiða á einu ári frá tjóndegi að telja að jafnaði með fjórum jöfnum greiðslum.

Bætur fyrir atvinnuhúsnæði, sem hafin er endurreisn á innan 6 mánaða frá tjóndegi skal stjórn sjóðsins greiða með hliðsjón af því hve framkvæmdum miðar áfram. Sé endurreisn ekki hafin fyrir þann tíma skal greiða bætur að hálfu á einu ári frá tjóndegi að telja. Eftirstöðvarnar skal greiða með skuldabréfum Viðlagasjóðs. Skuldabréf þessi skulu greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum og bera vexti sem eru jafnir almennum sparisjóðsvöxtum á hverjum tíma.

Vextir greiðast ekki af þeim bótum sem greiðast innan árs frá tjóndegi að telja.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að greiða fyrirfram upp í bætur þótt endanleg mót liggja ekki fyrir.

11. gr.

Áður en greiddar eru bætur vegna mannvirkja og lausafjár sem hefur eyðilagst skal kanna hvort eignirnar hafi verið veðsettar. Er stjórn Viðlagasjóðs heimilt að greiða áhvilandi veðskuldir á þremur árum með sömu lánskjörum og upphaflega var um samið.

12. gr.

Bætur fyrir viðgerðir á mannvirkjum og lausafé og bætur fyrir lausafé skal greiða þegar mat trúnaðarmanna sjóðsins hefur fram farið. Heimilt er þó stjórn Viðlagasjóðs að greiða slíkan kostnað jafnóðum og viðgerð fer fram.

Með viðgerðarkostnaði er heimilt að telja óhjákvæmilegan flutningskostnað vegna tækja og véla, sem ekki er unnt að gera við á staðnum eða í næsta nágrenni.

13. gr.

Sjóðsstjórn skal, ef samkomulag næst ekki við tjónþola, úrskurða um bætur og er úrskurður hennar endanlegur um hvað bæta skuli og bótafjárhæð.

IV. KAFLI

14. gr.

Landsdeild Viðlagasjóðs er heimilt að veita sveitarfélögum styrk vegna verulegrar tekjurýrnunar sem rekja má til tjóna af völdum eldgosa og snjóflóða.

15. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að veita atvinnufyrirtækjum, sem verða fyrir verulegu tjóni af völdum eldgosa og snjóflóða lán til að hraða endurreisn atvinnurekstrar síns.

Einnig er stjórn Viðlagasjóðs heimilt að greiða þeim atvinnufyrirtækjum bætur, sem verða fyrir tjóni vegna slöðvunar atvinnureksturs af völdum eldgosa og snjóflóða.

16. gr.

Landsdeild Viðlagasjóðs skal stuðla að því að atvinnurekstur sem stöðvast hefur af völdum eldgosa og snjóflóða hefjist aftur svo fljótt sem unnt er.

17. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær lögöld eða gera í þeim fjárnám.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 5, 28. febrúar 1975 sbr. 6. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 3. júní 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 135 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 66 3. apríl 1970.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Akureyri.

1. gr.

Félagsmálaráð og félagsmálastjóri fara með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Akureyri. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum þess aðila, er félagsmálaráð ræður til þess.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísun læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, félagsráðgjafa eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálastofnun metur að nauðsyn sé hverju sinni. Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.